

Fantasía fyrir börn og fullorðna

Leikfélag Kópavogs frumsýnir Snædrottninguna

Fyrsta barnaleikrit vetrarins verður frumsýnt hjá Leikfélagi Kópavogs á sunnudaginn. Það er ævintýraleikurinn Snædrottningin eftir rússneska höfundinn Jevgeni Schwartz, en leikritið byggði hann á hugmyndum H.C. Andersens.

Snædrottningin var sýnd við miklar vinsældir í Þjóðleikhúsinu 1952 og fær nú ný kynslóð tækifæri til að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn í ferð á slóðir hinnar köldu frúar.

Leikgerð Leikfélags Kópavogs

er önnur en sú sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu. Í þetta sinn er notaður upprunalegi texti Schwartz sem Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir þýddu úr þýsku. Töldu þær að einkenni höfundarins hefðu týnst of mikið í ensku leikgerðinni.

Þórunn Sigurðardóttir leikstýrir verkinu og leikmyndina gerði Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir. Þetta er frumraun hennar í leikmyndagerð, en hún hefur nýlengi fjögurra ára námi í Vestur-Berlin. Leikhljóð eru eftir Gunnar Reyni Sveinsson.

„Það mætti segja mér að ég hefði aldrei farið út í leiklist, ef ég

hefði ekki séð Snædrottninguna sem krakki í Þjóðleikhúsinu. Það var þá sem ég fékk bakteríuna,” sagði Þórunn leikstjóri.

„Þessi sýning verður þó ekki skrautsýning eins og þá. Við teljum ekki rétt að keppa við auglýsingarnar sem dynja yfirfullar af litum á börnunum.

Við reynum að vanmeta ekki smekk barnanna og forðumst þá stimpla sem hafa komið fram í sambandi við barnaefni. Schwartz gerði sjálfur litinn mun á barna- og fullorðinsleikritum. Í Snædrottningunni er mikil fantasía, sjarmi og sterkur mórall. Þetta er sýning sem allir ættu að hafa gaman af, börn og fullorðna.

Í sýningunni taka þátt leikarar frá Leikfélagi Kópavogs, ungling-



Atriði úr Snædrottningunni. Vísismynd: JA.

ar og þrír nýtskrifaðir leikarar, alls um 20 manns. Miðaverð er það sama fyrir börn og fullorðna, 750 krónur.

Eftir frumsýninguna fara þær nöfnurnar til Akureyrar, þar sem þær setja Snædrottninguna upp með Leikfélagi Akureyrar.

GRAFÍK Á HEIMSMÆLIKVARÐA

á sýningu sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum um helgina

Blómi pólskrar grafíklistar verður kynntur á Kjarvalsstöðum á sýningu sem opnuð verður þar á laugardaginn kl. 15.

Pólskir grafíklistamenn vinna reglulega til helstu verðlauna á alþjóðlegum sýningum víða um heim og verk þeirra má finna í söfnum allra Evrópulanda. Eru enda flestir sammála um að fáar þjóðir stundi Pólverjum jafnfætis í grafíklist.

Sýningin er hingað komin fyrir tilstilli pólska menningar-málaráðuneytisins og er valin af listamanninum Ryszard Ot-reba, sem er einn kunnasti grafíklistamaður Póllands. Kemur hann hingað og flytur erindi á þriðjudagskvöldið um grafik og rannsóknir sínar á táknum og læsileika þeirra.

Listamennirnir á sýningunni

eru 34 talsins og verkin eru alls 130. Þar má finna margskonar tækni, m.a. ætingar, akvatintur, mezzotintur, tréristu, dúkristu, þurrnál og gífsprykk. Afstaða listamannanna er sömuleiðis margskonar.

Meðan á sýningunni stendur verða erindi flutt, kvikmyndir sýndar og flutt verður pólsk tónlist.

FÍM SELUR MYNDIR

Félag íslenskra myndlistarmanna heldur sölusýningu á myndlistarverkum, sem félagar í FÍM hafa gefið til ágóða fyrir hið nýja húsnæði félagsins að Laugarnesvegi 112, en þar eru sýningin haldin.

Á sýningunni eru nokkrir tugir verka, málverk, höggmyndir og grafik, en þau er hægt að kaupa með 20% afslætti frá venjulegu sýningarverði. Að auki er fólki gefinn kostur á að greiða 60% kaupverðs við afhendingu og eftirstöðvar þrem mánuðum síðar.



Félagar úr FÍM í nýja húsnæðinu. F.v. eru Jón Reykdal, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Hafsteinn Sigurðsson og Eiríkur Smith. Vísismynd JEG

Hið nýja húsnæði FÍM verður í framtíðinni notað sem félagsmiðstöð og athvarf listsýninga. Fram að þessu hefur félagið verið á hrakhólum með aðstöðu til undirbúnings sýninga.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis, en hún er opin kl. 14-22 til sunnudagskvölds.

Kvikmyndir í Listasafninu

Listasafn Íslands efnir til kvikmyndasýningar á laugardaginn kl. 15. Þá verða sýndar þrjár kvikmyndir um ameríska myndlist fyrir og nú. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Bíngó til styrktar ungum hjónum

Húvetningafélagið í Reykjavík heldur bíngó í Vín-ingasal Hótel Loftleída sunnudaginn 13. nóv. kl. 3.

Agóðanum verður varið til styrktar ungum hjónum að Hurðarbaki í V-Hún. sem misstu eigur sínar í bruna.

BOSCH Combi



Borvél
2ja hraða og með höggi
Tvöfaldri einangrun

Rennibekkur

Smergel

Slípi-kubbur

Hjólsög

Stingsög

Boraskerpir

Stingsög
m/mótor



Bosch Combi

Nytsöm tæki á hvert heimili.

Útsölustaðir:
Akurvík, Akureyri Bykó Kópavogi,
og víða í verslunum um landið.

Gunnar Ásgeirsson h.f.

SUBURLANDSBRAUT 16 - SÍMI 35200 - 105 REYKJAVÍK

Vinsamlega sendið mér myndalista og verð á BOSCH Combi

Nafn

heimili

Sýningar:

Kjarvalsstaðir: Sýning á pólskri grafik verður opnuð á laugardaginn.

Norræna húsið: Grafik teikningar, vefnaður og objekt eru á sýningu Richards Valtingoer, Salóme Fannberg og Magnúsar Pálssonar. Sýningin er opin til kl. 2-10 og stendur fram til 20. nóvember.

Loftið: Guðmundur Hinriksson sýnir 30 pastelmýndir. Sýningin er opin virka daga á verslunartíma og til kl. 6 á laugardag. Sýningarsalur FÍM: Laugarnesvegi 112, Sölusýning á verkum sem félaginu hafa verið gefin. Sýningunni lýkur á sunnudagskvöld og er hún opin kl. 14-22.

Galleri Háhóll: Björg Þorsteinsdóttir, Jón Reykdal og Þórunn Hall sýna grafikmyndir. Sýningin er opin 19-23 og 15-23 um helgar. Henni lýkur á sunnudagskvöld.

Leikhúsin:

Þjóðleikhúsið: Týnda teskeiðin verður sýnd á föstudags- og laugardagskvöld og Gullna hliðið á sunnudagskvöld. Barnaleikritið Dýrin í Hálsaskógi verður sýnt á sunnudaginn kl. 15. Á Litla sviðinu verður önnur sýning á sunnudag á leikritinu Fröken Margrét kl. 21.

Leikfélag Reykjavíkur: Gary kvartmilljón verður á fjölnum á föstudagskvöld, Skjaldhamrar á laugardagskvöld og Saumastofan á sunnudags-

kvöld. Blessað barnalán verður sýnt á miðnætur sýningu í Austurbæjarbíói á laugardagskvöld kl. 24.

Alþjóðleikhúsið: Sýnir Skollaleik í Lindarbæ á sunnudagskvöldið kl. 20.30.

Leikfélag Kópavogs: Frumsýning barnaleikritið Snædrottninguna á sunnudaginn kl. 15

Skagaleikflokkurinn: Verður með sýningar á Höfuðbólunni og hjáleigunni á Sauðárkróki á laugardaginn kl. 17 og 21 og á Blönduósi á sunnudag kl. 20. Leikbrúðaland: sýnir þætti um Meistarabækur og fleiri gamla kunningja að Fríkirkjuvegi 11 á sunnudaginn kl. 15. Er það næstsíðasta sýning á þessum þáttum.